

Skipulags- og samgönguráð

Ár 2021, miðvikudaginn 6. október kl. 09:04, var haldinn 116. fundur skipulags- og samgönguráðs Reykjavíkur. Eftirtaldir fulltrúar tóku sæti á fundinum: Pawel Bartoszek, Dóra Björt Guðjónsdóttir, Hjálmar Sveinsson, Sara Björg Sigurðardóttir, Eyþór Laxdal Arnalds, Katrín Atladóttir, Marta Guðjónsdóttir og áheyrnarfulltrúarnir Vigdís Hauksdóttir og Kolbrún Baldursdóttir. Eftirtaldir fulltrúar tóku sæti á fundinum með fjarfundarbúnaði: áheyrnarfulltrúinn Daníel Örn Arnarsson. Eftirtaldir embættismenn og aðrir starfsmenn sátu fundinn: Ólöf Örvarsdóttir, Guðbjörg Lilja Erlendsdóttir og Björn Axelsson. Eftirtaldir starfsmenn sátu fundinn með fjarfundarbúnaði: Jóhanna Guðjónsdóttir og Sigurjóna Guðnadóttir. Fundarritari var Glóey Helgudóttir Finnsdóttir sem sat fundinn með fjarfundarbúnaði.

Petta gerðist:

(A) Skipulagsmál

1. Afgreiðslufundir skipulagsfulltrúa Reykjavíkur, fundargerð Mál nr. SN010070

Lögð fram fundargerð embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 1. október 2021.

2. Aðalskipulag Reykjavíkur 2040, íbúðarbyggð og blönduð byggð, tillaga Mál nr. SN190323

Að lokinni auglýsingu er lögð fram að nýju tillaga umhverfis- og skipulagssviðs að Aðalskipulagi Reykjavíkur 2040, endurskoðun stefnu um íbúðarbyggð og blandaða byggð og tæknileg uppfærsla Aðalskipulags Reykjavíkur 2010-2030, með lengingu skipulagstímabils til ársins 2040. Eftirfarandi eru gögn sem fylgja málinu og eru hér lögð fram;

1. Aðalskipulag Reykjavíkur 2040. Megin markmið um þróun byggðar og bindandi ákvæði um landnotkun, byggingarmagn, þéttleika og yfirbragð byggðar, grænt hefti, tillaga, dagsett maí 2021, uppfærð október 2021.
2. Þéttbýlisuppráttur, 1:20.000, tillaga maí 2021, uppfærður október 2021.
3. Sveitarfélagsuppráttur, 1: 50.000, tillaga, maí 2021, uppfærður október 2021.
4. Umhverfisskýrsla: Aðalskipulag Reykjavíkur 2040. Endurskoðuð stefna um íbúðarbyggð og blandaða byggð og framlenging skipulagstímabils til 2040 (B3), maí 2021, VSO-ráðgjöf, uppfærð september 2021.
5. Reykjavík 2040. Lýsing helstu breytinga og forsendur (B1), blátt hefti, maí 2021.
6. Forsendur og áherslur sem samþykktar voru með AR2010-2030. Ítarefni og skýringargögn (B2). Kaflar merktir B2. Borgin við Sundin, B2. Skapandi borg, B2. Græna borgin, B2. Vistvænni samgöngur, B2. Borg fyrir fólk og B2. Miðborgin.
7. Skipulagsstofnun, umsögn dagsett 20, maí 2021.
8. Athugasemdir sem bárust á kynningartíma
9. Yfirlit athugasemda og svör við þeim - umsögn Umhverfis- og skipulagssviðs, dagsett 4. október 2021.

Aðalskipulag Reykjavíkur, 2040, tillaga samþykkt sbr. 32. gr. skipulagslaga, ásamt umhverfisskýrslu, sbr. lög nr. 105/2006 um umhverfismat áætlana (sbr. einnig lög nr. 111/2021), umsögn umhverfis- og skipulagssviðs, dagsett 4. október 2021 og öðrum fylgiskjölum. Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins greiða atkvæði gegn tillögunni. Vísað til borgarráðs.

Fulltrúar Viðreisnar, Samfylkingarinnar og Pírata leggja fram svohljóðandi bókun:

Með tillögunum nú er lagt til að hið sögulega Aðalskipulag 2010-2030 verði framlengt og uppfært til ársins 2040. Ný viðmið eru sett um þéttleika, gæði og yfirbragð byggðar og skipulagið fléttað við húsnæðisáætlun og loftslagsstefnu borgarinnar. Rými er skapað fyrir Borgarlínu og stokka. Frá auglýsingatíma hafa verið gerðar þær breytingar að hæð bygginga Mjódd er nú miðuð við 4-7 hæðir. Rétt er að áréttu að í breyttum ákvæðum hæðastefnunnar er nú undirstrikað að aðeins stakar byggingar geti notið hámarksheimilda og sett eru ákveðnari kröfur um gæði við hönnun, m.t.t. sólríkra dvalarsvæða og almenningsrýma. Eðlilegt er að við mótun byggðar verði leitast við að skala byggðina niður næst hinni lágrestu íbúðarbyggð og lágmarka þannig skuggavarp. Hnykkt er á ákvæðum sem heimila endurnýjun starfsleyfis þegar gildistími starfsleyfis er innan tímamarka gildandi skipulagstímabils og uppbygging samkvæmt framtíðar landnotkun ekki hafin. Aðrar breytingar eru tæknilegs eðlis. Hér er áfram haldið á braut sjálfbærrar borgarþróunar og áhersla lögð á þéttingu byggðar innan vaxtarmarka.

Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja fram svohljóðandi bókun:

Aðalskipulag til 2040 er gallað. Ekki síst í húsnæðismálum. Nauðsynlegt er að íbúðaframboð sé fullnægjandi og raunsætt á tímabilinu. Árleg þörf er talin að lágmarki 1.200 íbúðir á ári til 2040. Að óbreyttu mun þessi tala ekki nást og húsnæðisverð í Reykjavík því áfram vera undir þrýstingi vegna skorts á fjölbreyttu framboði bygginga. Áhyggjur vekur að ekki er áformað að heimila uppbyggingu á Keldum fyrr en eftir áratug. Ekki er gert ráð fyrir uppbyggingu á Geldinganesi og möguleikar lítið nýttir á Kjalarnesi. Ekki er gert ráð fyrir íbúðum í Örfirisey né á BSÍ reit. Hætta er því á að áfram skorti hagkvæma reiti til fjölbreyttrar húsnæðisuppbyggingar og óvissa er um uppbyggingu í Úlfarsárdal. Þá er beinlínis gengið út frá því að yfir 4.000 íbúðir verði byggðar á skipulagstímanum þar sem flugbrautir Reykjavíkurflugvallar eru. Það er með öðrum orðum gat í húsnæðisáætlun borgarinnar upp á þúsundir íbúða. Gengið er á græn svæði og er gert ráð fyrir fjögurra hæða húsum efst í Laugardalnum upp á 30.000 m² (á reit M2g). Tillagan gerir ekki ráð fyrir sveigjanleika hvað varðar notkunarheimildir atvinnuhúsnæðis. Þá er þrengt verulega að þróunarmöguleikum Borgarholtsskóla í Grafarvogi. Af þessum sökum og öðrum leggjumst við gegn aðalskipulagi Reykjavíkur til 2040.

Áheyrnarfulltrúi Miðflokksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Verið er að breyta aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030, íbúðarbyggð og blönduð byggð 2040 og eru leiðarljós stefnunnar þessi: Íbúðarbyggð og blönduð byggð rísi innan vaxtarmarka til ársins 2040. 80% nýrra íbúða til 2040 verði innan áhrifasvæðis borgarlínu og 80% nýrra íbúða verði í grennd við öflugan atvinnukjarna. Minnst 90% nýrra íbúða rísi á röskuðum eða þegar byggðum svæðum. Með öðrum orðum – boðuð er róttæk óumhverfisvæn þrengingastefna. Flugvöllurinn er ekki á leiðinni úr Vatnsmýrinni næstu áratuginu en samt er gert ráð fyrir 4.000 íbúða byggð þar. Alvarlegar athugasemdir eru gerðar frá Vegagerðinni s.s. að ekki sé nægileg grein fyrir öllum nauðsynlegum breytingum á samgöngumannvirkjum sem tengjast samgöngusáttmálanum s.s. gatnamót Reykjanesbrautar við Bústaðaveg svo og útfærslur gatnamóta í tengslum við stokka sem merktir eru sem jarðgöng á aðalskipulagsuppdrætti við Sæbraut og Miklubraut. Vegagerðin bendir jafnframt á að í samgöngusáttmálanum komi jafnframt fram að sveitarfélögin skuli huga að greiðri tengingu Sundabrautar inn á stofnbrautir höfuðborgarsvæðisins og að skipulag aðliggjandi svæða taki mið af legu Sundabrautar á skipulagstímabilinu.

Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Hér er lagt fram Aðalskipulag Reykjavíkur, endurskoðuð stefna. Reykjavíkurborg stendur frammi fyrir vanda því ekki er nóg byggt. Vandinn er að lóðir vantar. Ekki hafa verið færri íbúðir á markaði í Reykjavík frá 2017. Brjóta þyrfti land í Reykjavík undir byggð segir Seðlabankastjóri. Áform um að koma húsaskjóli yfir alla þá sem vilja búa í Reykjavík hefur mistekist. Vandamálið er það vantar ábyrgð og yfirsýn meirihlutans og embættismanna og er skipulagsmálum borgarinnar undir verkstjórn borgarstjóra kennt um. Borgarkerfið, umsóknarferlið er þess utan langt og óskilvirkt. Árið 2019 voru um 5000 íbúðir í byggingu en nú eru aðeins 3400 íbúðir í byggingu. Ekki dugar bara að þetta á einum bletti. Byggja þarf víðar, sjálfbær hverfi þar sem fólk vill byggja og búa. Það er miður er að sjá að byggingar við strandlengju skyggja á heilu hverfin. Áhyggjur eru af þéttingu byggðar í Vesturbæ og að borgarlína muni ekki þjóna hverfinu vel. Fyllt verður í flestar fjörur. Gleymt er að gera ráð fyrir innviðum, lóðum fyrir skóla. í Laugarnesi liggur ekki fyrir þarfagreining um skólamál sem skoða átti í sumar. Framtíðarskólaúrræði þar eru í óvissu. Ekki er heldur hægt að sjá eins og lofað var að atvinnutækifæri væru í hverfum. Mikið skortir á sjálfbærni í hverfum sbr. í Úlfarsárdal.

Haraldur Sigurðsson tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

3. Hlíðarendi - Reitir G, H og I, breyting á (01.62) Mál nr. SN210489 deiliskipulagi

Lögð fram umsókn ASK Arkitekta dags. 1. júlí 2021 varðandi breytingu á deiliskipulagi Hlíðarenda vegna reita G, H og I. Í breytingunni felst að breyta lóðum G og H úr atvinnulóðum í íbúðalóðir, breyta opnu svæði til bráðabirgða í íbúðalóð ,I, fjölga íbúðum og breyta bílastæðakröfum til samræmis við bíla- og hjólastæðastefnu Reykjavíkurborgar, samkvæmt uppdrætti ASK arkitekta ehf. dags. 24. júní 2021. Einnig er lagt fram samgöngumat Eflu dags. 1. október 2021.

Samþykkt að auglýsa framlagða tillögu, skv. 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Vísað til borgarráðs.

Fulltrúar Viðreisnar, Samfylkingarinnar og Pírata leggja fram svohljóðandi bókun:

Breytingin felur í sér að í stað atvinnustarfsemi, þar á meðal hótél, rísa um 460 íbúðir á þessu svæði við Hlíðarendann. Einnig verður til ný lóð á suðvesturhluta svæðisins. Gert er ráð fyrir að 20% íbúðanna verði leigu eða búseturéttaríbúðir og að Félagsbústaðir eigi forkaupsrétt á 5% íbúðanna. Deiliskipulagið er lagað að bíla- og hjólastæðastefnu borgarinnar, öll götustæði eru samsíða og önnur í kjallara og viðmið fest um að lágmarki skuli vera 2 hjólastæði á íbúð.

Hildur Gunnarsdóttir verkefnastjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

4. Lautarvegur 8 og 10, breyting á (01.794.3) Mál nr. SN210618 deiliskipulagi

Lögð fram umsókn Jóns Þórs Baldvinssonar dags. 1. september 2021 varðandi breytingu á deiliskipulagi Sléttuvegar vegna lóðarinnar nr. 8 og 10 við Lautarveg. Í breytingunni felst að bogadregin lóðarmörk sem snúa að göngustígum lóðanna eru rétt af, samkvæmt uppd. Úti og inni arkitekta ehf. dags. 3. september 2021, Við breytinguna stækkar lóð nr. 8, en lóð nr. 10 helst óbreytt. Einnig er lögð fram tillaga úti og inni arkitekta dags. 3. september 2021 og samþykki eigenda að Lautarvegur 10 dags. 22. september 2021.

Samþykkt að falla frá kynningu þar sem breyting á deiliskipulagi varðar ekki hagsmuni annarra en umsækjanda með vísan til 2. ml. 3. mgr. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Samþykkt með vísan til a liðar 1. gr. í viðauka 1.1 um fullnaðarafgreiðslur skipulags- og samgönguráðs án staðfestingar borgarráðs.

Hildur Gunnarsdóttir verkefnastjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

5. Vogabyggð svæði 2 (Skutulstorg), (01.45) Mál nr. SN210610
breyting á deiliskipulagi

Lögð fram umsókn Hans Olav Andersen dags. 31. ágúst 2021 um breytingu á deiliskipulagi Vogabyggðar svæði 2. Í breytingunni felst að byggingareitur dreifistöðvar á Skutulstorgi er stækkaður úr 35m² í 65m², lögun og staðsetningu breytt og lóðarmörk fyrir reit 2-3 er breytt skv. uppdrætti Jvantspijker & partners og Teiknistofunnar Traðar dags. 27. ágúst 2021.

Samþykkt að falla frá kynningu þar sem breyting á deiliskipulagi varðar ekki hagsmuni annarra en umsækjanda með vísan til 2. ml. 3. mgr. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Samþykkt með vísan til a liðar 1. gr. í viðauka 1.1 um fullnaðarafgreiðslur skipulags- og samgönguráðs án staðfestingar borgarráðs.

Björn Ingi Edvardsson verkefnastjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

6. Hádegismóar, nýtt deiliskipulag (04.41) Mál nr. SN200054

Lögð fram umsókn f.h. Bandalags íslenskra skáta dags. 22. janúar 2020 um nýtt deiliskipulag fyrir Hádegismóa. Í deiliskipulagstillögunni felst að skilgreind er lóð fyrir höfuðstöðvar Bandalags íslenskra skáta (BÍS), þar sem verður m.a. skrifstofa félagsins, fræðslumiðstöð, kennslu-, fundar- og gístaðstaða og mögulega rekstur á kaffihúsi. Svæðið er staðsett norðan við Raudavatn og hallar að vatninu með halla mót suðri, að mestu leyti raskað svæði en hefur gróid upp á síðustu áratugum. Skipulagssvæðið er um 2,2 ha og er gert ráð fyrir nokkrum 1-2 hæða byggingum innan lóðar, samkvæmt deiliskipulags- og skýringaruppdrætti arkitektarstofunnar gb DESIGN ehf. og Urban Beat ehf. dags. 22. september 2021. Einnig er lagður fram tölvupóstur Veitna ohf. dags. 30. september 2021 þar sem ekki eru gerðar athugasemdir við tillöguna.

Samþykkt að auglýsa framlagða tillögu, skv. 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Vísað til borgarráðs.

Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúi Flokks fólksins er samþykkuður því að skátar fá þessa lóð, norðan við Raudavatn, með skilyrðum. Þessi lóð liggur mjög vel með tillit til tengsla við vatn og náttúru. Tryggja þarf því aðgang almennings að þessu svæði, hugsanlega með skilyrðum í lóðasamningi. Þetta svæði á að vera opið almenningsi svo allir geti notið þess.

Björn Ingi Edvardsson verkefnastjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

(B) Byggingarmál

7. Afgreiðslufundur byggingarfulltrúa, Mál nr. BN045423
fundargerð

Lögð fram fundargerð afgreiðslufundar byggingarfulltrúa nr. 1133 frá 28. september 2021.

(C) Ýmis mál

8. Laugarnestangi, friðlýsing (01.32) Mál nr. SN210615
menningarlandslags

Lagt fram bréf Minjastofnunar Íslands dags. 20. ágúst 2021 vegna útvíkkunar á friðlýsingu menningarminja á Laugarnestanga ásamt drögum að friðlýsingarskilmálum og fylgiskjölum. Óskað er eftir að athugasemdir vegna tillögu að friðlýsingu berist fyrir 10. september 2021. Einnig er lögð fram umsögn umhverfis- og skipulagssviðs og Borgarsögusafns Reykjavíkur dags. 15. september 2021.

Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúi Flokks fólksins telur að friðlýsa eigi Laugarnestangann. Þegar hefur vanhugsuð landfylling verið gerð við norðurhluta tangans og brýnt að taka fyrir að sú landfylling verði stækkuð og að náttúrulegri fjöru sem enn er við tangann verði látin í friði.

9. Battavöllur á Landakotstúni, umsögn - Mál nr. US210028
USK2021010098

Lögð fram umsögn umhverfis- og skipulagssviðs, dags. 18. mars 2021 um erindi Íbúaráðs Vesturbæjar til skipulags- og samgönguráðs þar sem hvatt var til þess að hannaður yrði boltavöllur (battavöllur) á Landakotstúni. Einnig er lagt fram framangreint bréf formanns íbúaráðs Vesturbæjar til skipulags- og samgönguráðs, dags. 15. janúar 2021, ásamt bréfi skólastjóra Landakotsskóla til borgarstjóra, dags. 16. desember 2017.

Vísað til meðferðar umhverfis- og skipulagssviðs og til gerðar fjárfestingaráætlunar.

Skipulags- og samgönguráð og áheyrnarfulltrúi Miðflokksins leggja fram svohljóðandi bókun:

Ráðið tekur vel í tillögur um gerð battavallar á Landakotstúni og telur rétt að henni sé forgangsraðað með öðrum verkefnum við næstu gerð fjárfestingaráætlunar.

Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúi Flokks fólksins fagnar því að þarna verði byggður battavöllur og að gert verði huggulegt umhverfi í kringum hann. Þetta er kjörinn staður fyrir slíkan völl og er hugmyndin um hann þarna vel til fundinn.

10. Garðastræti 11A, kæra 150/2021 (01.136.1) Mál nr. SN210671

Lagt fram erindi úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála dags. 24. september 2021 ásamt kærú dags. 23. september 2021 þar sem kærð er ákvörðun byggingarfulltrúa um að heimila skúr á lóð Hákots, Garðastræti 11A.

11. Tangabryggja 13-15, kæra 134/2020, (04.023.1) Mál nr. SN200772
umsögn, úrskurður

Lagt fram erindi úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála dags. 14. desember 2020 ásamt kærú dags. 14. desember 2020 þar sem kærð er útgáfa lokaúttektarvottorðs byggingarfulltrúa Reykjavíkur vegna Tangabryggju 13-15 sem gefið var út 21. október 2020. Einnig er lögð fram umsögn skrifstofu sviðsstjóra dags. 16. febrúar 2021. Jafnframt er lagður fram úrskurður úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála frá 6. maí 2021. úrskurðarorð:

Hafnað er kröfu kæranda um ógildingu ákvörðunar byggingarfulltrúans í Reykjavík frá 21. október 2020 um að gefa út vottorð um lokaúttekt vegna Tangabryggju 13-15.

Lagt fram að nýju ásamt erindi úrskurðarnefndar umhverfis og auðlindamála dags. 21. september 2021 þar sem tilkynnt er um endurupptöku máls. Einnig er lagt fram bréf umboðsmanns Alþingis f.h. húsfélags Tangabryggju 13-15 dags. 12. ágúst 2021 og bréf úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála dags. 21. september 2021 til húsfélags Tangabryggju 13-15.

12. Fulltrúar Viðreisnar, Samfylkingarinnar og Pírata, leggja fram svohljóðandi tillögu um bættar göngutengingar í Gamla-Vesturbænum Mál nr. US210257

Skipulags og samgönguráð felur umhverfis- og skipulagssviði að skoða leiðir til að bæta tengingar fyrir gangandi og hjólandi vegfarendur milli Gamla-Vesturbæjarins og Kvosarinnar. Skoðaðar verða bættar göngutengingar í austur-vesturátt, til dæmis meðfram Mýrargötu, Nýlendugötu, Vesturgötu sem og meðfram ströndinni. Möguleikar til að gera götur á svæðinu að göngu- eða vistgötum verða kortlagðir og gerð verði áætlun um eflingu og endurhönnun borgargatna.

Tillögunni fylgir greinargerð.

Vísað til umsagnar umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu samgöngustjóra og borgarhönnunar.

13. Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja fram svohljóðandi fyrirspurn, varðandi umferðarspegil við Markarveg við Fossvogsveg Mál nr. US210242

Bent hefur verið á að umferðarspegill við Markarveg við Fossvogsveg hefur verið ónothæfur og í ólagi á þriðja ár. Umferðarspegill þarna eykur umferðaröryggi og því mikilvægt að koma þessu í lag sem fyrst. Hvenær má búast við að nýr umferðarspegill verði settur upp?

Vísað til umsagnar umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu samgöngustjóra og borgarhönnunar.

14. Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi tillögu, um fræðslu rafhlaupahjóla fyrir börn Mál nr. US210258

Fulltrúi Flokks fólksins leggur til að skipulags- og samgönguráð beitir sér fyrir því, t.d. í samstarfi við skóla- og frístundaráð að börn og unglingar fái sérstaka fræðslu um rafhlaupahjól og hvernig þeim beri að hjóla þeim þegar hjólað er nálægt gangandi vegfarendum. Fulltrúi Flokks fólksins hefur heyrt frá fólki sem kvartar yfir tillitsleysi þegar ungt fólk, sumt hvert, hjólar á gangstéttum. Fræða þarf börn og ungt fólk um mikilvægi þess að nota bjölluna. Fjölmörg dæmi eru um að bjalla sé ekki notuð þegar komið er hjólandi aftan að vegfaranda sem er að ganga eða hlaupa. Sumir hjólendir hjóla á hraða allt að 25 km/klst hraða, jafnvel með aðeins aðra hendi á stýri og símann í hinni hendinni og eru þar að leiðandi ekki að horfa fram fyrir sig. Það er mat fulltrúa Flokks fólksins að það sé aðeins tímaspursmál hvenær slys verður, að ekið verði á gangandi vegfaranda. Börn sem verða fyrir hjóli á þessum hraða geta stórslasast. Einnig eru komin rafhjól sem komast enn hraðar, upp í 45 kmh. Velta má fyrir sér þeirri spurningu hvort setja ætti aldurstakmark á þau hjól sem komast svo hratt og hvort rafhlaupahjól eigi kannski heima á hjólastígum frekar en gangstéttum.

Vísað til meðferðar stýrihóps um innleiðingu hjólreiðaáætlunar.

15. Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi fyrirspurn, um innstig í strætó í tengslum við þéttingu byggðar í Mjódd Mál nr. US210256

Fram kom í skýrslu um ferðavenjur sem unnin var fyrir SSH, sem liður í undirbúningi Borgarlínu, að flest innstig í strætó eru núna í Mjódd, 4000 talsins en á Hlemmi eru 3400 innstig á sólarhring. Fulltrúi Flokks fólksins óskar að fá upplýsingar um eftirfarandi: Hvers vegna þarf að þétta byggð svona mikið í Mjódd? Við hvaða innstigsfjölda er miðað við þegar tekin er ákvörðun um þéttleikaviðmið?

Vísað til umsagnar umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu samgöngustjóra og borgarhönnunar.

16. Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi fyrirspurn, um kynningar á nýju skipulagi í Breiðholti Mál nr. US210255

Fulltrúa Flokks fólksins finnst kynning á svo stórra fyrirhugaðri breytingu á hverfis skipulagi í Breiðholti ábótavant og má telja víst að ekki nema brot af þeim sem búa í Breiðholti hafa áttað sig á hvað til stendur. Fulltrúi Flokks fólksins spyr eftirfarandi: Hvernig stendur á að farið hafi svo lítið fyrir kynningu á svo stórra fyrirhugaðri skipulagsbreytingu í nærumhverfi fjölda fólks? Í tilfalli Mjóddar, þar sem hægt er að lesa sér til í fleiri en einni rúmlega 200 bls. skýrslum að gert sé ráð fyrir að byggja 800 nýjar íbúðir og 60.000 fermetra atvinnuhúsnæðis á 5-8 hæðum, er ekki einu sinni minnst á þessa meiriháttar breytingu í 4 bls. kynningarbæklingi um helstu breytingar aðalskipulagstillögunnar?

Vísað til umsagnar umhverfis - og skipulagssviðs, skipulagsfulltrúa.

17. Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi fyrirspurn, um innviði leikskóla til að taka við mikilli fjölgun Mál nr. US210254

Leikskólar í Mjódd eru þétt setnir og sumir sprungnir. Útreikningar sýna að 800 íbúða fjölgun í neðra Breiðholti er 53% fjölgun íbúða. Fulltrúi Flokks fólksins óskar að fá upplýsingar um eftirfarandi: Ráða innviðir við svona mikla fjölgun á stuttum tíma? Er gert ráð fyrir nýjum grunn- og leikskólum í Mjódd?

Vísað til umsagnar umhverfis - og skipulagssviðs, skipulagsfulltrúa.

18. Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi fyrirspurn, um þéttleika í nýju skipulagi í Breiðholti Mál nr. US210253

Fulltrúi Flokks fólksins telur að nýbyggingar sem kynntar hafa verið í nýju skipulagi í Breiðholti verði að vera í takti og tilliti við núverandi byggð. Í tillögu að aðalskipulagsbreytingu virðist mikill þéttleiki og há hús á sumum stöðum svo sem í Mjódd og tengist áformum um Borgarlínu.

Fulltrúi Flokks fólksins óskar að fá upplýsingar um eftirfarandi:

Voru áhrif á nærliggjandi byggð m.t.t. skuggavarps, umfangs, útsýnis og veðurfars skoðuð með þar til bærum sérfræðingum? Um þetta er spurt

vegna þess að við eigum því miður vond dæmi um veðurfarsleg áhrif á nærliggjandi byggð og skuggavarþ sem dæmi í nágrenni Höfðatorgs í Reykjavík. Er tryggt að ný viðmið um hæðir húsa og þéttleika rýri ekki gæði núverandi byggðar í nágrenni þéttingarreita t.d. í nýju skipulagi í Breiðholti?

Vísað til umsagnar umhverfis - og skipulagssviðs, skipulagsfulltrúa.

19. Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi fyrirspurn, um hvort leitað var til sérfræðinga þegar viðmið um þéttleika og hæðir húsa voru ákvörðuð í Breiðholti Mál nr. US210252

Breiðholtið er mörgum kært enda gott og barnvænt að búa í Breiðholti. Núverandi skipulag, sem er verðlaunaskipulag, þarf að skoða nánar með tillit til útsýnis, skuggavarps og umferðaröryggi. Fulltrúi Flokks fólksins óskar að fá upplýsingar um eftirfarandi í ljósi þess að skipulagsyfirvöld leita mikið til utan að komandi sérfræðinga: Var leitað til sérfræðinga í byggðu umhverfi og áhrif byggðs umhverfis á fólk þegar viðmið um þéttleika og hæðir húsa voru ákvörðuð? Sérfræðingarnir gætu verið sálfræðingar, félagsfræðingar, veðurfræðingar, arkitektar, landslagsarkitektar og skipulagsfræðingar. Ef svo er, hverjir voru sérfræðingarnir og var farið að ráðum þeirra þegar viðmið voru ákvörðuð?

Vísað til umsagnar umhverfis - og skipulagssviðs, skipulagsfulltrúa.

20. Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja fram svohljóðandi fyrirspurn, um athugasemdir við breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur 2010 - 2040 eftir að athugasemdum lauk Mál nr. US210281

Bárust einhverjar athugasemdir við breytingar á aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2040 eftir að athugasemdafresti lauk? Ef svo er voru þær mótteknaðar og teknar gildar og frá hvaða aðilum bárust þær?

Vísað til umsagnar umhverfis - og skipulagssviðs, deildarstjóra aðalskipulags.

21. Fulltrúi Sjálfstæðisflokksins leggur fram svohljóðandi fyrirspurn, um nýbyggingar á árunum 2014 til 2021 Mál nr. US210280

Óskað er upplýsinga um hvaða græn svæði í borgarlandinu hafa verið nýtt til nýbygginga að hluta til eða öllu leyti á þessu kjörtímabili og því síðasta eða frá 2014-2021?

Vísað til umsagnar umhverfis - og skipulagssviðs, deildarstjóra aðalskipulags.

22. Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja fram svohljóðandi tillögu, um að fá umræðu um grásleppuskúrana við Ægisíðu og að forstöðumaður Borgarsögusafns mæti á næsta fund Mál nr. US210279

Lagt er til að á næsta reglulega fundi ráðsins verði umræða um grásleppuskúrana við Ægisíðu og forstöðumaður Borgarsögusafns mæti á fundinn og fari yfir ástand skúranna og framtíð þeirra.

Samþykkt.

23. Áheyrnarfulltrúi Miðflokksins leggur fram svohljóðandi fyrirspurn, um þrengingar í ýmsum götum og hverfum í Reykjavík

Mál nr. US210278

Miklar þrengingar hafa staðið yfir í ýmsum götum og hverfum í Reykjavík á þessu kjörtímabili. Svo miklar þrengingar hefur verið farið í að þær hafa skapað mikla slysaáætlu og sem dæmi má nefna að nú í haustbyrjun voru gatnamótin af Kringlumýrarbraut upp á Bústaðaveg til vesturs þrengd mjög. Einnig má nefna algjöra lokun Lækjargötunnar á stóru svæði þrátt fyrir að hótélbyggingin þar er komin upp. Lokun bílastæða í miðborginni er svo annar handleggur eins og t.d. við Austurvöll. Á þessum grunni óskar borgarfulltrúi Miðflokksins að fá upplýsingar um:

1. Yfirlit yfir allar þrengingar á götum sem farið hefur verið í frá 1. júní 2018 innan borgarmarkanna hvort um sé að ræða borgargötur eða götur sem eru á ábyrgð Vegagerðarinnar.
2. Einnig er óskað eftir yfirliti yfir fækkun allra bílastæða frá 1. júní 2018 í borgarlandinu og þar undir fellur líka fækkun bílastæða sem hefur verið breytt í útisvæði fyrir rekstraraðila.

Vísað til umsagnar umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu samgöngustjóra og borgarhönnunar.

24. Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi tillögu, um ljósastýringu í bílakjallara Ráðhússins

Mál nr. US210285

Tillaga Flokks fólksins að ljósabúnaður við innkeyrslu bílakjallara Ráðhússins verði lagaður hið fyrsta. Í mörg ár hefur verið ljósabúnaður við innkeyrslu bílakjallara Ráðhússins, þar sem umferð upp og niður var stýrt með rauðu og grænu ljósi, þar sem innkeyrslan er einbreið. Til viðbótar var ljós fyrir ofan með textanum "Fullt" sem gaf til kynna að engin stæði væru laus og þá var rauða ljósið jafnframt logandi þótt enginn bíll væri að koma á móti. Nú hefur þetta verið tekið niður og einungis rautt og grænt ljós gefur til kynna hvort umferð sé að koma upp innkeyrsluna. Þetta er ekki lengur tengt teljara aðgangskerfisins. Afleiðingin er sú, að bílum er hleypt niður innkeyrsluna, en lokunarsláin opnast ekki ef stæðin eru öll upptekin. Það gerist einnig þótt einhver stæði séu laus, frátekin fyrir þá sem eru með sérstök kort frá Ráðhúsinu. Ófremdarástand hefur skapað við þessa breytingu þegar röð af 3-4 bílum eru á leið ofan í kjallarann en sláin lyftist þar sem kjallarinn er fullur. Allir meta það svo að græna ljósið þýði laus pláss og vandræði myndast þegar allir bílar þurfa að bakka aftur upp innkeyrsluna. Þessu þarf að breyta og setja aftur upp skiltið "Fullt" ásamt rauða ljósinu sem áður var, þannig að ekki sé ekið niður í bílakjallarann við þessar aðstæður.

Frestað.

25. Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi fyrirspurn, vegna álits umboðsmanns Alþingis um að hreyfihamlaðir megi leggja í almenn stæði á göngugötu

Mál nr. US210287

Fyrirspurn Flokks fólksins um viðbrögð skipulags- og samgönguráðs við álit umboðsmanns Alþingis um að hreyfihamlaðir megi leggja í almenn stæði á göngugötum. Fram hefur komið að handhafi stæðiskorts fyrir hreyfihamlaða kvartaði til umboðsmanns Alþingis yfir ákvörðun Bílastæðasjóðs Reykjavíkur um að leggja á hann stöðubrotsgjald. Handhafinn hafði lagt bíl sínum í almennt stæði á göngugötu en

Bílastæðasjóður taldi honum aðeins heimilt að leggja í sérmerkt bifreiðastæði fyrir hreyfihamlaða á göngugötu. Það var niðurstaða umboðsmanns að ekki væri hægt að fallast á þann lagaskilning að handhafar stæðiskorta fyrir hreyfihamlaða gætu eingöngu lagt í sérmerkt stæði á göngugötum. Þetta er einmitt sá skilningur sem fulltrúi Flokks fólksins hafði á þeim lögum sem hér um ræðir og hefur það margsinnis komið fram í bókunum Flokks fólksins. Heimildin nær til þess að P merktir bílar megi leggja í göngugötunni sjálfri.

Frestað.

26. Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi fyrirspurn, um skotsvæðið í Álfsnesi Mál nr. US210288

Fyrirspurn Flokks fólksins um hvort sé verið að leita að nýrri staðsetningu með virkum hætti og þá hvar, innan eða utan dyra? Skotsvæðinu í Álfsnesi var lokað án fyrirvara? Fram hefur komið að lokunin hafi komið meirihlutanum á óvart sem er sérkennilegt því málið hefur verið a.m.k. tvisvar rætt í borgarstjórn. Margir voru búnir að hafa uppi varnaðarorð og hneykslast á aðgerðarleysi heilbrigðisnefndar. Þegar loks er lokað er það ekki vegna mengunar heldur skipulagsmála. Halda mætti að "skipulagsmál" séu notuð sem átylla fyrir að loka. Finna þarf aðra lausn fyrir þá 1.500 félagsmenn og aðra sem stunda skotæfingar. Erfitt getur reynst að finna svæði þar sem ekkert mannlíf er í nágrenninu og þar sem blýmengun veldur ekki skaða og/eða þar sem skotæfingar skaða ekki náttúru. Ef utandyra er þarf það svæði að vera einangrað eða afskekkt og sem ekki er metið mikils virði út frá náttúru. Fyrirspurn Flokks fólksins lýtur að hvort verið sé að leita að nýrri staðsetningu og þá hvar, innan eða utan dyra?

Frestað.

27. Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi fyrirspurn, um aðstæður hjólandi vegfarenda í Úlfarsárdal Mál nr. US210289

Fulltrúi Flokks fólksins var fyrir nokkrum vikum með fyrirspurn um aðstæður hjólandi vegfarenda í Úlfarsárdal þar sem eru tröppur á göngustígum. Þarna fer fólk einnig um með barnakerrur. Í hverfinu eru tröppur víða og hafa börn sem hjóla í skólann þurft að bera hjól sín upp og niður tröppurnar eða leiða þau auk þess sem hjólastígar eru víða með krappar beygjur. Sendar voru myndir með fyrirspurninni til að sýna aðstæður. Fulltrúi Flokks fólksins kallar eftir endurskoðun á þessu en fékk engin viðbrögð önnur en þau að þetta væri í lagi við Urðarbrunn. Með þessari fyrirspurn sem hér er lögð fram er aftur sýnd mynd sem sýnir hvernig börn reyna að redda sér þegar aðstæður bjóða ekki upp á að hjóla á stíg. Hér má sjá hvernig þau einfaldlega hjóla á grasbakka með fram göngustígnum til að þurfa ekki að bera eða leiða hjól sín. Fulltrúi Flokks fólksins spyr hvort skipulagsyfirvöld vilja ekki reyna að lagfæra þetta þannig að börn komist leiðar sinnar hjólandi án erfiðleika og einnig að fólk geti farið um með barnakerrur bæði þrí- og fjórhjóra? Það ástand sem þarna ríkir getur verið hættulegt. Stígarnir eiga að þjóna börnum á hjólum og hlaupahjólum sem og fólki með vagna og kerrur.

Frestað.

**Fleira gerðist ekki.
Fundi slitið kl. 11:00**

Fundargerðin lesin yfir og undirrituð

Pawel Bartoszek

Dóra Björt Guðjónsdóttir
Sara Björg Sigurðardóttir
Marta Guðjónsdóttir

Hjálmar Sveinsson
Eyþór Laxdal Arnalds
Katrín Atladóttir

5. Ármúli 38 (12.951.01) 103833 Mál nr. BN059388
- Bergljót Rist, Svarðbæli, 531 Hvammstangi
 Ágústa Jenný Forberg, Klettatún 13, 600 Akureyri
 Sótt er um leyfi til að breyta notkun hluta atvinnuhúsnaðis í íbúðir í húsi nr. 38 á lóð nr. 38 við Ármúla.
 Erindi fylgir umboð eigenda rýmis 02 0202 dags. 1. desember 2020, bréf umsækjenda dags. 18. maí 2021, samþykki meðeigenda dags. 23. apríl 2021 og greinargerð brunahönnuðar dags. 16. maí 2021.
 Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 4. júní 2021 fylgir erindi, ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 4. júní 2021. Einnig fylgir bréf skipulagsfulltrúa dags. 7. júní 2021.
 Stækkun er: 12,6 ferm. í formi svala.
 Gjald kr.12.100
 Frestað.
 Vísað til athugasemda.
6. Ásendi 19 (18.244.01) 108420 Mál nr. BN059821
- Ingibjörg R Björnsdóttir, Ásendi 19, 108 Reykjavík
 Sótt er um leyfi fyrir skráningartöflu vegna eignaskiptasamnings fyrir þrífýlishús á lóð nr. 19 við Ásenda.
 Erindi fylgir fylgiskjal með nýjum eignanúmerum, afritum af aðaltekningum samþykktum 22. júní 1989.
 Gjald kr. 12.100
 Frestað.
 Vísað til athugasemda.
7. Bergþórugata 10 (11.920.14) 102520 Mál nr. BN059905
- 410617-0560 Arnrún íbúðafélag hses., Pósthólf 1486, 121 Reykjavík
 Sótt er um leyfi til þess að breyta erindi BN055749 þannig að svalagólf íbúða verða steipt og stigleiðslu með inntaki á norðurhlið er komið fyrir í stigahúsi í fjölbýlishúsi á lóð nr. 10-12 við Bergþórugötu.
 Erindi fylgir yfirlit breytinga á A3 afriti af óstimpluðum aðaltekningum.
 Gjald kr. 12.100
 Frestað.
 Vísað til athugasemda.
8. Bergþórugata 18 (11.920.20) 102526 Mál nr. BN058971
- 430304-3640 Landslagnir ehf., Hyrjarhöfða 2, 110 Reykjavík
 Sótt er um leyfi til að byggja tveggja hæða fjölbýlishús með þremur íbúðum úr forsteiptum samlokueiningum á lóð nr. 18 við Bergþórugötu.
 Erindi fylgir brunahönnun frá Örug, verkfræðistofa dags. 8. mars 2021.
 Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 26. mars 2021 fylgir erindi, ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 26. mars 2021. Einnig fylgir bréf skipulagsfulltrúa dags. 29. mars 2021.
 Stærð, A-rými: 240,2 ferm., 731,7 rúmm.
 Stærð B-rými: 7,1 ferm.
 Samtals: 247,3 ferm.
 Gjald kr. 12.100
 Frestað.
 Vísað til athugasemda.
9. Bitruháls 1 (43.030.01) 111018 Mál nr. BN059376
- 540405-0340 Mjólkursamsalan ehf., Bitruhálsi 1, 110 Reykjavík

Sótt er um leyfi til að útbúa starfsmannaaðstöðu með kaffistofu, bað- og búningsherbergi fyrir verkstæði í húsi á lóð nr. 1 við Biturhális.
Gjald kr. 12.100
Frestað.
Vísað til athugasemda.

10. Blikastaðavegur 2-8 (24.961.01) 204782 Mál nr. BN059351
581011-0400 Korputorg ehf., Tunguhálsi 6, 110 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN058983 vegna lokaúttektar sem felast í að skábrautum hefur verið snúið og innra skipulagi breytt í húsi á lóð nr. 2-8 við Blikastaðaveg.
Stækkun: 28,1 ferm., 297,8 rúmm.
Gjald kr. 12.100
Samþykkt.
Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.
Afgreiðist með sömu stimul og stofnerindi.
11. Bolholt 6-8 (12.512.03) 103441 Mál nr. BN059741
Orri Árnason, Kópavogsbarð 6, 200 Kópavogur
Sótt er um leyfi til að breyta innra skipulagi í hluta annarrar hæðar, þar sem fyrirhugað er að innrétta málaskóla og sameina rými 0201, 0202 og 0206 og hluta af sameign, 0209, í einn eignarhluta, 0201, í húsi á lóð nr. 6-8 við Bolholt.
Erindi fylgir umboð eigenda F2012387 og F2252254 dags. 7. ágúst 2021, samþykki frá eiganda 0101 í húsi nr. 8 og eignarhluta 0204 í húsi nr. 6 við Bolholt dags. 8. september 2021.
Gjald kr. 12.100
Frestað.
Lagfæra skráningu.
12. Borgartún 8-16A (12.201.07) 199350 Mál nr. BN059946
450613-2580 Íþaka fasteignir ehf., Lynghálsi 4, 110 Reykjavík
Sótt er um leyfi fyrir til þess að breyta innra skipulagi í rými 0101, mhl. 06, sem felst í að innréttuð er skrifstofa með tilheyrandi starfsmanna-, salernis- og ræstiaðstöðu, í húsi við Katrínartún 4 á lóð nr. 8-16A við Borgartún.
Erindi fylgir bréf hönnuðar dags. 21. september 2021.
Gjald kr. 12.100
Samþykkt.
Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.
Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.
13. Bústaðavegur 7 (17.375.01) 107409 Mál nr. BN059956
630908-0350 Veðurstofa Íslands, Bústaðavegi 9, 103 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að koma fyrir einum kælifrafti og varaafstöð með tilheyrandi færslu á hljóðgirðingu austan við hús á lóð nr. 7 við Bústaðaveg.
